RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Arnór Gunnarsson
Kt. 1507783369
Dags. 12.3.2026 13:18:31
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Matthías Þór Óskarsson
Kt. 0705755079
Dags. 12.3.2026 15:10:18
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Kolbeinn Friðriksson
Kt. 2111815839
Dags. 12.3.2026 15:40:58
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Ragnheiður Þorkelsdóttir
Kt. 3112785419
Dags. 12.3.2026 16:10:56
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Andri Guðmundsson
Kt. 1607823669
Dags. 12.3.2026 20:14:10
Ástæða: Undirritun

ÍSLENSK VERÐBRÉF

iv.is

Ársreikningur 2025



ÍSLENSK VERÐBRÉF

Íslensk verðbréf hf.

Ársreikningur 2025

Efnisyfirlit

A-hluti

Íslensk verðbréf hf.

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra 2
Áritun óháðs endurskoðanda 4
Rekstrarreikningur 6
Efnahagsreikningur 7
Sjóðstreymisyfirlit 8
Skýringar 9
Viðauki (óendurskoðaður) 18

B-hluti

Sérhæfðir sjóðir fyrir almenna fjárfesta

Rekstrarreikningur og yfirlit um breytingu á hreinni eign 20
Efnahagsreikningur 21
Yfirlit fjárfestinga 22
Skýringar 43

Verðbréfasjóðir

Rekstrarreikningur og yfirlit um breytingu á hreinni eign 49
Efnahagsreikningur 50
Yfirlit fjárfestinga 51
Skýringar 69

Verðbréfasjóðir ÍV Erlent skuldabréfasafn

Rekstrarreikningur og yfirlit um breytingu á hreinni eign 75
Efnahagsreikningur 76
Yfirlit fjárfestinga 77
Skýringar 79

Viðauki

Stjórnarháttayfirlýsing (óendurskoðuð) 82

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra

Íslensk verðbréf hf. („ÍV“) er eignastýringarfyrirtæki sem starfrækir eignastýringu og sjóðastýringu. Félagið starfar á grundvelli starfsleyfis frá fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands (hér eftir „fjármálaeftirlitið“) sem rekstrarfélag verðbréfasjóða skv. lögum nr. 116/2021 og rekstraraðili sérhæfðra sjóða skv. lögum nr. 45/2020 með viðbótarheimild til eignastýringar og móttöku og miðlun fyrirmæla varðandi fjármálagerninga.

Félagið er dótturfélag Skaga og er ársreikningurinn hluti af samstæðureikningi Skaga og dótturfélaga þess. Vörslufyrirtæki sjóða Íslenskra verðbréfa er T Plús hf. sem hefur því tekið að sér sjóðaumsýslu og vörslu fyrir hönd sjóða í rekstri félagsins.

Ársreikningi félagsins er skipt í tvo hluta, A-hluta sem inniheldur ársreikning rekstrarfélagsins sjálfs og B-hluta sem inniheldur ársreikninga sérhæfðra sjóða fyrir almenning sem voru í rekstri félagsins. Þessi framsetning á reikningnum er í samræmi við reglur um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða og rekstraraðila sérhæfðra sjóða sem settar eru af fjármálaeftirlitinu.

Starfsemin

Þann 31. mars 2025 sameinuðust SIV eignastýring hf., ÍV sjóðir hf. og Íslensk verðbréf hf., með leyfi frá 1.janúar 2025, undir heitinu Íslensk verðbréf hf. Sameinað félag býður upp á eignastýringu í formi sérgreindra eignasafna og rekur auk þess opna sjóði fyrir almenna fjárfesta og fagfjárfesta, auk lokaðra afurða fyrir fagfjárfesta. Eftir sameininguna er vöruframboð félagsins með því fjölbreyttara sem þekkist hjá sambærilegum félögum og geta viðskiptavinir valið úr afurðum í öllum helstu eignaflokkum, jafnt innanlands sem erlendis.

Eignir í stýringu sameinaðs félags voru 228,5 ma.kr. í lok ársins og jukust um 32 ma.kr. frá áramótum. Félagið var með samtals 26 sjóði í rekstri, þar af voru 16 sjóðir fyrir almenna fjárfesta annað hvort í formi verðbréfasjóða eða sérhæfðra sjóða. Hrein eign sjóða í rekstri var 88 ma.kr. Félagið stofnaði tvo sjóði um lánsfjármögnun á árinu, SIV Credit Fund II slhf. og SIV Alternative Credit Fund hs.

Ávöxtun afurða félagsins gekk vel á árinu og annað árið í röð var félagið með hæstu ávöxtun innlendra rekstrarfélaga. Árið 2025 hækkaði ÍV Alþjóðlegur hlutabréfasjóður mest allra sjóða innlendra rekstrarfélaga en ávöxtun sjóðsins var 19,9% á árinu. Sjóðir félagsins í flokkum innlendra hlutabréfa og skammtímasjóða voru einnig ofarlega á lista yfir árangur liðins árs.

Nokkrar sveiflur voru á eignamörkuðum á árinu. Vaxtalækkanir létu á sér standa á árinu, þrátt fyrir væntingar í upphafi árs um að meginvextir Seðlabanka Íslands myndu lækka. Verðbólga reyndist þrálát og tólf mánaða taktur breyttist lítið yfir árið og nam 4,5% í lok árs. Meginvextir lækkuðu í 7,25% á árinu eftir að hafa staðið í 8,50% í upphafi þess. Skuldabréfamarkaður skilaði ágætri ávöxtun á árinu en hlutabréfamarkaður reyndist þyngri. Árið hófst með talsverðum lækkunum á hlutabréfaverði, en undir lok árs tóku markaðir við sér, þó að innlendar hlutabréfavísitölur hafi endað lægra en í upphafi árs.

Hreinar rekstrartekjur félagsins á árinu 2025 námu 886,8 m.kr. en árið 2024 samtals 807,5 m.kr. fyrir samanlagðan rekstur SIV eignastýringar og ÍV sjóða. Hagnaður varð af rekstri félagsins á árinu að fjárhæð 12,8 m.kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé félagsins í lok árs 2025 nam 652,5 m.kr. samkvæmt efnahagsreikningi en var í lok ársins 2024 samtals 639,7 m.kr. Eiginfjárhlutfall, reiknað skv. lögum um fjármálafyrirtæki, var 13%, en lágmarkseiginfjárhlutfall er 8,0%. Hjá félaginu störfuðu 15 starfsmenn að meðaltali á árinu 2025.

Stjórn félagsins leggur til að ekki verði greiddur arður til hluthafa á árinu 2026 vegna rekstrarársins 2025 og vísar að öðru leiti til ársreiknings varðandi ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Stjórn félagsins er skipuð Andra Guðmundssyni, stjórnarformanni, Kolbeini Friðrikssyni og Ragnheiði Þorkelsdóttur. Meirihluti stjórnar félagsins telst óháður og í stjórn sitja tveir karlar og ein kona og uppfyllir félagið því ákvæði laga um hlutafélög er varðar kynjahlutföll stjórnarmanna. Framkvæmdastjóri Íslenskra verðbréfa hf. er Arnór Gunnarsson.

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra

Hluthöfum fjölgaði um fimm á árinu og nam hlutafé félagsins 22,7 m.kr. í lok árs 2025 og hluthafar félagsins voru eftirfarandi:

Hluthafi	Nafnverð	%	Endanlegur eigandi
Skagi hf.	19.489.481	85,9%	Skagi hf.
YNWA ehf.	1.065.180	4,7%	Arnór Gunnarsson
Salka2 ehf.	1.065.180	4,7%	Þorkell Magnússon
Maldini ehf.	319.874	1,4%	Guðmundur Oddur Eiríksson
RHA ehf.	319.874	1,4%	Sævar Ingi Haraldsson
Szabo ehf.	213.249	0,9%	Guðrún Una Valsdóttir
Jin ehf.	213.249	0,9%	Jón Rúnar Ingimarsson

Í upphafi árs 2026 tók stjórn Skaga hf. ákvörðun um að nýta kauprétt á alls 14,1% hlut í Íslenskum verðbréfum hf. af minnihlutaeigendum félagsins, samanber tilkynningu Skaga þann 16. desember 2024. Heldur Skagi hf. þá á öllum hlutum í Íslenskum verðbréfum eftir nýtingu kaupréttarins.

Stjórnarháttayfirlýsing

Stjórn félagsins hefur samþykkt yfirlýsingu um stjórnarhætti félagsins.

Yfirlýsingin byggir á leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands, Samtökum atvinnulífsins og NASDAQ Iceland, 6. útgáfa frá febrúar 2021, og eru aðgengilegar á www.leidbeiningar.is, en tekur tillit til þeirra sérstöku laga og reglna sem gilda um rekstraraðila sérhæfða sjóða og rekstrarfélög verðbréfasjóða. Stjórnarháttayfirlýsingin er fylgiskjal með ársreikningi félagsins.

Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Ársreikningur félagsins er gerður og settur fram í samræmi við lög um ársreikninga. Það er álit stjórnar og framkvæmdastjóra að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarafkomu og sjóðstreymi félagsins á árinu 2025 og fjárhagsstöðu þess þann 31.desember 2025. Jafnframt er það álit okkar að skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra gefa einnig glöggt yfirlit yfir þróun og árangur í rekstri ÍV.

Stjórn og framkvæmdastjóri hafa rætt reikning félagsins og sjóðanna fyrir tímabilið 1. janúar til 31. desember 2025 og staðfest hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 12. mars 2026

Í stjórn félagsins

Andri Guðmundsson, stjórnarformaður

Kolbeinn Friðriksson

Ragnheiður Þorkelsdóttir

Framkvæmdastjóri

Arnór Gunnarsson

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Íslenskra verðbréfa hf. og eigenda hlutdeildarskírteina í verðbréfasjóðum og sérhæfðum sjóðum Íslenskra verðbréfa hf. fyrir almenna fjárfesta.

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Íslenskra verðbréfa hf. („félagið“) fyrir árið 2025. Ársreikningurinn er í tveimur hlutum; A-hluti sem er rekstrarfélagið og B-hluti, sem inniheldur verðbréfasjóði og sérhæfða sjóði fyrir almenna fjárfesta. Ársreikningurinn er í tveimur hlutum og hefur að geyma:

Ársreikning A hluta, rekstrarfélagið, sem innifelur:

- Skýrslu stjórnar
- Rekstrarreikning
- Efnahagsreikning
- Sjóðstreymisyfirlit
- Skýringar við ársreikning A-hluta

Ársreikning B hluta, verðbréfasjóðir og sérhæfðir sjóðir fyrir almenna fjárfesta, sem innifelur:

- Skýrslu stjórnar
- Rekstrarreikning
- Efnahagsreikning
- Sjóðstreymisyfirlit
- Skýringar fyrir verðbréfasjóði og sérhæfða sjóði fyrir almenna fjárfesta rekstrarfélagsins

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu rekstrarfélags Íslenskra verðbréfa hf. og sjóðanna 31. desember 2025 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2025, í samræmi við lög nr., 3/2006 um ársreikninga, lög nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og reglur Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands um ársreikninga rekstrarfélaga verðbréfasjóða, rekstraraðila sérhæfðra sjóða, verðbréfasjóða og sérhæfða sjóða fyrir almenna fjárfesta.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við siðareglur sem gilda um endurskoðun ársreikninga á Íslandi. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Samanburðarfjárhæðir

Ársreikningur félagsins 31. desember 2024 var endurskoðaður af öðrum endurskoðanda. Áritunin er dagsett 25.febrúar 2025 og er án fyrirvara.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga, lög nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og reglur Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands um ársreikninga rekstrarfélaga verðbréfasjóða, rekstraraðila sérhæfðra sjóða fyrir almenna fjárfesta og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi Íslenskra Verðbréfa hf. og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð á eftirliti með gerð ársreikningsins.

Áritun óháðs endurskoðanda

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins
Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.

- Öflum við skilnings á innra eftirliti sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.

- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.

- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal alla verulega annmarka á innra eftirliti sem við greinum við endurskoðun okkar.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga
Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

Reykjavík, 12. mars 2026

KPMG ehf.

Matthías Þór Óskarsson

Rekstrarreikningur ársins 2025

	Skýr.	2025	2024*
Rekstrartekjur			
Þóknanatekjur	12	845.238	469.293
Fjármunatekjur	13	41.898	7.231
Heildartekjur		887.136	476.524
Fjármagnsgjöld	13	(297)	(23)
Hreinar rekstrartekjur		886.840	476.501
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	14	516.701	182.101
Rekstrarkostnaður		350.318	178.373
Afskriftir		3.772	0
Rekstrargjöld		870.792	360.473
Hagnaður fyrir skatta		16.048	116.027
Tekjuskattur	16	(3.214)	(24.791)
Hagnaður ársins		**12.834**	**91.236**

**Samanburðafjárhæðir eru eingöngu Íslensk verðbréf hf. fyrir samruna við SIV eignastýringu hf.*

Efnahagsreikningur ársins 2025

	Skýr.	31.12.2025	1.1.2025*
Eignir			
Verðbréf	17	253.174	257.068
Verðbréf samtals		253.174	257.068
Viðskiptakröfur		128.663	39.116
Kröfur á tengd félög	24	18.967	8.499
Aðrar kröfur		21.795	33.240
Kröfur samtals		169.425	80.855
Skatteign	18	13.999	17.213
Rekstrarfjármunir	19	4.573	0
Eignarhlutir í félögum		841	741
Óefnislegar eignir	20	337.271	333.500
Handbært fé		65.907	179.959
Aðrar eignir samtals		422.590	531.412
Eignir samtals		**845.189**	**869.335**
Eigið fé			
Hlutafé		22.686	22.686
Yfirverðsreikningur		307.511	307.511
Lögbundinn varasjóður		4.642	4.000
Bundið eigið fé		1.200	1.200
Óráðstafað eigið fé		316.477	304.285
Eigið fé samtals	21	**652.516**	**639.682**
Skuldir			
Skuldir við tengd félög	24	42.504	74.346
Ýmsar skammtímaskuldir		150.169	155.307
Skuldir samtals		192.673	229.653
Eigið fé og skuldir samtals		**845.189**	**869.335**

**Félagið sameinaðist SIV eignastýringu hf. þann 1.1.2025, sjá nánar í skýringu 25.*

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2025

	Skýr.	2025	2024*
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður ársins	21	12.834	91.236
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Tekjuskattur, breyting	16	3.214	24.791
Gangvirðisbreyting verðbréfa	13	20.608	(3.501)
Afskriftir		4.843	0
Veltufé frá rekstri		41.498	112.526
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Viðskiptakröfur og aðrar kröfur, breyting		(70.168)	8.858
Ýmsar skuldir, breyting		(4.853)	50.571
Tengd félög, breyting		(50.528)	53.083
Handbært fé (til) frá rekstri		(84.052)	225.038
Fjárfestingahreyfingar			
Keyptir rekstrarfjármunir	19	(5.643)	0
Verðbréf, breyting		(16.714)	(50.500)
Keyptir eignarhlutir í félögum		(100)	0
Keyptar óefnislegar eignir	20	(7.543)	0
Fjárfestingarhreyfingar		(29.999)	(50.500)
Fjármögnunarhreyfingar			
Arður til hluthafa	21	0	(40.000)
Fjármögnunarhreyfingar		0	(40.000)
Handbært fé tekið yfir við samruna		14.935	0
Breyting á handbæru fé		(114.051)	134.538
Handbært fé í ársbyrjun		165.024	30.485
Handbært fé í lok árs		65.907	165.024
Fjárfestingar- og fjármögnunarhreyfingar án greiðsluáhrifa			
Keypt vörumerki	26	(311.000)	0
Nýtt hlutafé	26	311.000	0

**Samanburðafjárhæðir eru eingöngu Íslensk verðbréf hf. fyrir samruna við SIV eignastýringu hf.*

Skýringar

1. Félagið

Íslensk verðbréf hf., hér eftir nefnt félagið eða ÍV, er íslenskt hlutafélag og er rekstrarfélag verðbréfasjóða og rekstraraðili sérhæfða sjóða og starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög, laga nr. 116/2021 um verðbréfasjóði og laga nr. 45/2020 sem rekstraraðili sérhæfðra sjóða. Fjármálaeftirlitið (FME) hefur eftirlit með félaginu á grundvelli laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Lögheimili þess er að Ármúla 3 í Reykjavík og kennitala félagsins er 491001-2080.

Íslensk verðbréf hf. er dótturfélag Skaga hf., kt. 690689-2009, Ármúla 3, Reykjavík. Ársreikningur félagsins er hluti af samstæðureikningi móðurfélagsins og eru upplýsingar um rekstur og fjárhagsstöðu samstæðunnar þar.

Reikningsskilaaðferðir

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Íslenskra verðbréfa hf. er gerður í samræmi við lög um ársreikninga, lög um fjármálafyrirtæki, lög um verðbréfasjóði, reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga og reglur um ársreikninga rekstrarfélaga verðbréfasjóða, rekstraraðila sérhæfðra sjóða, verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða.

Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum að undanskildum verðbréfaeignum sem eru færðar á gangvirði í gegnum rekstur. Ársreikningurinn er gerður og birtur í íslenskum krónum. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

3. Matsaðferðir

Við gerð árshlutareiknings þurfa stjórnendur að taka ákvarðanir, leggja mat á og gefa sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna og skulda á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við matið og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum þeim þáttum sem taldir eru viðeigandi um mat þessara liða, sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Breytingar samkvæmt þessu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

4. Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á skráðu gengi í lok tímabilsins. Gjaldmiðlagengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

5. Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir samanstanda af keyptum viðskiptasamböndum, vörumerki og hugbúnaði. Keypt viðskiptasambönd hafa skilgreindan nýtingartíma og eru metin á kostnaðarverði að frádregnum uppsafnaðri niðurfærslu og virðisrýrnun. Áætlaður nýtingartími keyptra viðskiptasambanda eru 10 ár. Vörumerki hafa ekki ákveðinn nýtingartíma og í samræmi við 24. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga er vörumerkið virðisrýrnunarprófað árlega og metið í samræmi við settar reikningsskilareglur.

6. Eignarhlutir í félögum

Eignarhlutir í félögum eru færðir á kostnaðarverði, að frádreginni virðisrýrnun, ef við á.

7. Verðbréfaeign

Verðbréf í efnahagsreikningi eru flokkuð sem fjáreignir á gangvirði gegnum rekstrarreikning. Fjármálagerningar eru tilgreindir á gangvirði gegnum rekstrarreikning ef ákvarðanir um kaup og sölu byggjast á gangvirði þeirra. Fjáreignir sem færðar eru á gangvirði gegnum rekstrarreikning eru metnar á gangvirði í efnahagsreikningi og gangvirðisbreytingar færðar í rekstrarreikning. Viðskiptakostnaður er færður í rekstrarreikning þegar hann fellur til.

Skýringar

8. Kröfur

Kröfur eru færðar á nafnvirði að teknu tilliti til niðurfærslu. Kröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign félagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Niðurfærslan er dregin frá kröfum í efnahagsreikningi. Í lok árs 2025 voru engar kröfur niðurfærðar.

9. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fast hlutfall af stofnvirði þar til niðurlagsverði er náð, og miðar afskriftarhlutfall við áætlaðan nýtingartíma.

Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Áhöld og tæki	3 ár
Innréttingar og umbætur á húsnæði	3 ár

10. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af óbundnum bankainnstæðum og innstæðum sem bundnar eru til skemmri tíma en þriggja mánaða.

11. Tekjuskattsskuldbinding – skatteign

Tekjuskattur ársins samanstendur af tekjuskatti til greiðslu og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema þegar hann varðar liði sem eru færðir beint á eigið fé en í þeim tilvikum er hann færður á eigið fé.

Tekjuskattur til greiðslu er áætlaður tekjuskattur sem greiða skal vegna skattskyldra tekna tímabilsins, miðað við gildandi skatthlutfall á uppgjörsdegi.

Frestaður tekjuskattur er færður vegna tímabundinna mismuna á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikningnum annars vegar og skattverði þeirra hins vegar. Útreikningur á frestuðum tekjuskatti byggist á því skatthlutfalli sem vænst er að verði í gildi þegar tímabundinn mismunur kemur til með að snúast við, miðað við gildandi lög á uppgjörsdegi.

Skatteign vegna yfirfæranlegs taps er einungis færð að því marki sem líklegt er talið að skattskyldur hagnaður verði til ráðstöfunar í framtíðinni sem unnt verður að nýta skattalega tapið á móti. Skatteign er metin á hverjum uppgjörsdegi og lækkuð að því marki sem talið er líklegt að hún nýtist ekki. Tekjuskattshlutfall félagsins er 20%.

Skattamál verðbréfa- og sérhæfðra sjóða fyrir almenna fjárfesta

Verðbréfasjóðir og sérhæfðir sjóðir fyrir almenna fjárfesta greiða ekki tekjuskatt heldur er hagnaður af rekstri þeirra skattlagður hjá eigendum hlutdeildarskírteinanna. Einstaklingar greiða fjármagnstekjuskatt af hagnaði sínum af bréfum þegar þeir innleysa hann. Hagnaður og tap af hlutdeildarskírteinum telst til skattskyldra tekna eða gjalda hjá félögum óháð innlausn.

Sjóðirnir eru undanþegnir fjármagnstekjuskatti hér á landi en ekki í þeim löndum þar sem fjármagnstekjuskattur er lagður á tekjur erlendra aðila og ekki eru í gildi tvísköttunarsamningar milli Íslands og viðkomandi ríkis um að slíkar tekjur skulu skattleggjast hér á landi.

12. Þóknanatekjur

Þóknanatekjur eru einkum vegna þjónustu félagsins á sviði eignastýringar og sjóðastýringar. Þóknanir fyrir þjónustu sem veitt er yfir ákveðið tímabil eru tekjufærðar eftir því sem þjónustan er veitt.

12. Þóknanatekjur (frh.)

Umsýsluþóknun

Félagið innheimtir umsýsluþóknun fyrir rekstur verðbréfasjóða og sérhæfðra sjóða fyrir almenna fjárfesta og reiknast þóknunin sem fast hlutfall af hreinni eign hvers sjóðs. Félagið innheimtir umsýsluþóknun fyrir rekstur sérhæfðra sjóða og sérgreindra eignastýringarsafna og reiknast þóknunin sem fast hlutfall af hreinni eign sjóða eða eignasafna í samræmi við reglur sjóða eða samninga um eignastýringu. Félagið innheimtir einnig eftir atvikum árangurstengdar greiðslur af verðbréfasjóðum, sérhæfðum sjóðum fyrir almenna fjárfesta og sérgreindum eignastýringarsöfnum. Slíkar greiðslur koma til þegar árangur í stýringu á tilteknu tímabili er umfram ávöxtunarviðmið eins og þau eru skilgreind í reglum og útboðslýsingum viðkomandi sjóða eða samningum um eignastýringu.

13. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur samanstanda af vaxtatekjum af bankainnstæðum, gengishagnaði af peningalegum eignum og skuldum og vaxtaberandi fjárkröfum og matsbreytingum af fjáreignum á gangvirði í gegnum rekstrarreikning (hagnaði). Fjármagnsgjöld samanstanda af vaxtagjöldum af vaxtaberandi fjárskuldum, gengistapi af peningalegum eignum og skuldum og matsbreytingum af fjáreignum á gangvirði (tapi).

Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikning þegar þau falla til, miðað við virka vexti. Meðal vaxtatekna og vaxtagjalda er dreifing á afföllum og annar mismunur á upphaflega bókfærðu verði vaxtaberandi gerninga og fjárhæða þeirra á gjalddaga, sem reiknuð eru miðað við virka vexti.

Matsbreytingar af fjáreignum á gangvirði um rekstrarreikning eru færðar á því tímabili sem matsbreytingin á sér stað.

Skýringar

13. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld (frh.)

Fjármunatekjur greinast þannig:

	2025	2024
Vaxtatekjur	4.736	3.730
Gangvirðisbreytingar verðbréfa	20.608	3.501
Aðrar fjármunatekjur	16.554	0
Fjármunatekjur samtals	41.898	7.231

Fjármagnsgjöld greinast þannig:

	2025	2024
Vaxtagjöld	(297)	(23)

14. Laun og launatengd gjöld

Laun og tengd gjöld greinast þannig:

	2025	2024
Laun*	395.792	136.516
Mótframlag í lífeyrissjóð	53.679	20.507
Kaupréttir**	7.490	0
Fjársýsluskattur	23.232	8.736
Önnur launatengd gjöld	36.507	16.342
	516.701	182.101
Meðalfjöldi ársverka	15	6

*Laun fela í sér kaupauka.

**Gjaldfærðir kaupréttir á árinu 2025 eru vegna kauprétta sem veittir voru starfsmönnum ÍV í Skaga hf. Kostnaðurinn er tilkominn vegna hlutar ÍV í heildarkostnaði við kaupréttarsamningana.

15. Þóknun til endurskoðenda

	2025	2024
Vegna endurskoðunar og endurskoðunartengdrar þjónustu	3.555	6.071
Önnur leyfð þjónusta, skattaþjónusta og önnur staðfestingarvinna	1.332	3.924
Þóknun til endurskoðenda samtals	4.887	9.995

16. Tekjuskattur

Tekjuskattur færður í rekstrarreikningi greinist þannig:

Virkt skatthlutfall

	2025	2024
Hagnaður fyrir tekjuskatt	16.048	116.027
Tekjuskattur miðað við gildandi skatthlutfall, 20% (2024: 21%)	(3.210)	(24.366)
Aðrir liðir	(4)	(425)
Tekjuskattur færður í rekstrarreikning	(3.214)	(24.791)

Skýringar

17. Verðbréf með breytilegum tekjum

Verðbréfaeign með breytilegum tekjum greinist þannig:

	31.12.2025	1.1.2025*
Lausafjársjóðir	253.174	257.068

** Félagið sameinaðist SIV eignastýringu hf. þann 1.1.2025, sjá nánar í skýringu 25.*

18. Tekjuskattseign

Breyting á árinu greinist þannig:

	31.12.2025
Staða í ársbyrjun	17.213
Tekjuskattur færður í rekstrarreikning	(3.214)
Staða í árslok	13.999

Tekjuskattseign félagsins greinist þannig:

	31.12.2025
Yfirfæranlegt skattalegt tap	13.999

Ójafnað skattalegt tap félagsins í árslok, sem heimilt er að flytja áfram samkvæmt skattalögum, nemur 86 millj.kr. Yfirfæranlegt skattalegt tap sem ekki nýtist á móti hagnaði innan tíu ára frá því það myndast fellur niður. Yfirfæranlegt skattalegt tap er nýtanlegt sem hér segir:

	31.12.2025
Tap ársins 2023, nýtanlegt til ársloka 2033	68.273
Tap ársins 2024, nýtanlegt til ársloka 2034	17.792
	86.065

19. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Áhöld og tæki	Umbætur á húsnæði	Samtals
Bókfært virði 31.12.2024	0	0	0
Eignfært á árinu	2.564	3.079	5.643
Afskriftir	(622)	(448)	(1.070)
Bókfært virði 31.12.2025	1.941	2.631	4.573
Afskriftarhlutföll	33%	33%	

Skýringar

20. Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir greinast þannig:

	Vörumerki	Viðskipta-sambönd	Hugbúnaður	Samtals
Bókfært virði 31.12.2024	0	22.500	0	22.500
Keypt vörumerki	311.000	0	0	311.000
Eignfært á árinu	0	0	7.543	7.543
Afskriftir	0	(2.500)	(1.272)	(3.772)
Bókfært virði 31.12.2025	311.000	20.000	6.271	337.271
Stofnverð	311.000	22.500	7.543	341.043
Afskrifað	0	(2.500)	(1.272)	(3.772)
Bókfært virði 31.12.2025	311.000	20.000	6.271	337.271
Afskriftarhlutföll	0%	10%	25%	

Viðskiptasambönd eru tilkomin vegna kaupa á rekstri sjóða Glyms hf. í byrjun árs 2024. Viðskiptasamböndin eru afskrifuð á 10 árum. Vörumerkið var virðisrýrnunarprófað byggt á sömu forsendum og við kaup eða svonefndri *relief-from-royalty* aðferð og sýna niðurstöður að engin þörf sé á virðisrýrnun.

21. Eigið fé

21.1 Hlutafé

Heildarhlutafé samkvæmt samþykktum félagsins er 22,7 m.kr. og fylgir eitt atkvæði hverjum einnar krónu hlut.

21.2 Lögbundinn varasjóður

Í samræmi við lög skal lagt í lögbundinn varasjóð tiltekið hlutfall af hagnaði hvers árs uns hann svarar 25% af hlutafé.

21.3 Yfirlit eiginfjár

	Hlutafé	Yfirverðsreikn. hlutafjár	Bundið eigið fé	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 31.12.2024	16.000	0	5.200	176.696	197.897
Hlutafjáraukning	3.489	307.511	0	0	311.000
Áhrif samruna*	3.197	0	0	127.589	130.785
Eigið fé 1.1.2025	22.686	307.511	5.200	304.285	639.682
Hagnaður ársins				12.834	12.834
Lagt í lögbundinn varasjóð			642	(642)	0
Eigið fé 31.12.2025	22.686	307.511	5.842	316.477	652.516

** Félagið sameinaðist SIV eignastýringu hf. þann 1.1.2025, sjá nánar í skýringu 25.*

Skýringar

22. Eiginfjárhlutfall

Eiginfjárhlutfall rekstrarfélagsins sem reiknað er samkvæmt ákvæðum 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki var 13% en lágmarks eiginfjárhlutfall er 8% samkvæmt lögunum. Eigið fé má þó aldrei vera lægra en sem nemur 18,5 m.kr. (EUR 125 þús.) miðað við gengi EUR þann 31. desember 2025.

	31.12.2025	31.12.2024*
Eigið fé	652.516	197.897
Óefnisleg eignir	(337.271)	0
Reiknuð skatteign	(13.999)	0
Eiginfjárgrunnur samtals	301.246	197.897
Heildar eiginfjárkrafa skiptist þannig:		
Útlánaáhætta	34.036	19.165
Eiginfjárkrafa	34.036	19.165
Eiginfjárkrafa miðað við 25% af föstum rekstrarkostnaði	186.029	90.118
Eiginfjárgrunnur umfram eiginfjárkröfu	115.217	107.778
Eiginfjárhlutfall	13,0%	17,6%

Samkvæmt 4. mgr. 12. gr. laga nr. 116/2021, um verðbréfasjóði og 5. mgr. 15. gr. laga nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, skal eiginfjárgrunnur rekstrarfélaga verðbréfasjóða og rekstraraðila sérhæfðra sjóða aldrei nema lægri fjárhæð en sem svarar til 25% af föstum rekstrarkostnaði síðasta reikningsárs.

**Eiginfjárhlutfall Íslenskra verðbréfa hf. í árslok 2024.*

23. Eignir í stýringu

Eignir í stýringu námu alls 228,5 milljörðum króna í lok ársins samanborið við 101,9 milljarða króna í lok árs 2024*.

**Eignir í stýringu Íslenskra verðbréfa hf. í árslok 2024.*

Skýringar

24. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru þeir aðilar sem hafa umtalsverð áhrif á félagið, beint eða óbeint, þ.m.t. móðurfélag, félög í eigu móðurfélags, hluthafar með yfirráð eða veruleg áhrif, stjórnarmenn, lykilstarfsmenn og fjölskyldur þeirra sem og aðilar sem er stjórnað af eða eru verulega háðir félaginu, s.s. hlutdeildarfélög. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila.

Viðskipti við tengda aðila árið 2025:

	Keypt Þjónusta	Seld Þjónusta	Kröfur	Skuldir
Tengd félög	101.025	118.648	18.967	42.504

25. Leigusamningar

Félagið leigir skrifstofuhúsnæði. Leigusamningar félagsins flokkast sem rekstrarleigusamningar og þeir því ekki færðir í efnahagsreikning. Núgildandi leigusamningur um skrifstofuhúsnæði í Reykjavík er til 2026 en uppsegjanlegur með 12 mánaða fyrirvara. Leigusamningurinn um skrifstofuhúsnæðið er verðtryggður og breytast leigugreiðslur mánaðarlega í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs. Leigusamningur um skrifstofuhúsnæði á Akureyri er ótímabundinn með 6 mánaða uppsagnarfresti. Gjaldfærðar leigugreiðslur námu 20,7 m.kr. á árinu 2025 og eru framsettar í línunni fyrir rekstrarkostnað í rekstrarreikningi. Í töflunni er ekki tekið tillit til áhrifa framtíðarverðbólgu á greiðslur verðtryggðs húsaleigusamnings.

	31.12.2025
Afborganir árið 2026	19.800
Afborganir árið 2027	13.800
Afborganir árið 2028	13.800

Skýringar

26. Samruni

Þann 1. janúar 2025 sameinuðust félögin ÍV sjóðir hf., Íslensk verðbréf hf. og SIV eignastýring hf. og urðu að Íslenskum verðbréfum hf. Áhrif samruna greinast þannig:

	SIV eignastýring hf. 1.1.2025	ÍV sjóðir hf. 1.1.2025	ÍV eignarhaldsf. 1.1.2025	Áhrif samruna 1.1.2025	Íslensk verðbréf hf. 1.1.2025
Eignir					
Vörumerki		311.000			311.000
Viðskiptasambönd	22.500				22.500
Verðbréfaeign	105.243	151.825			257.068
Eignarhlutir í dótturfélögum	500		508.897	(508.897)	500
Eignarhlutir í öðrum félögum	241				241
Kröfur á tengda aðila	8.499	32.096		(32.096)	8.499
Skatteign	17.213				17.213
Viðskiptakröfur og aðrar kröfur	17.621	22.640		32.096	72.356
Handbært fé	14.935	165.024			179.959
Eignir samtals	186.751	682.584	508.897	(508.897)	869.335
Eigið fé					
Hlutafé	200.000	19.489	414.096	(610.899)	22.686
Yfirverðsreikningur		307.511			307.511
Lögbundinn varasjóður	118	4.000	11.384	(11.502)	4.000
Bundið eigið fé	0	1.200	148.070	(148.070)	1.200
Óráðstafað eigið fé	(69.332)	176.696	(64.653)	261.574	304.285
Eigið fé samtals	130.785	508.897	508.897	(508.897)	639.682
Skuldir					
Skuldir við tengda aðila	35.419	38.927			74.346
Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir	20.547	134.760			155.307
Skuldir samtals	55.966	173.687	0	0	229.653
Eigið fé og skuldir samtals	186.751	682.584	508.897	(508.897)	869.335

Viðauki (óendurskoðaður)

Samanlagður rekstrarreikningur

	Skýr.	2025	2024*	2024**
Rekstrartekjur				
Þóknanatekjur	12	845.238	469.293	789.797
Fjármunatekjur	13	41.898	7.231	17.817
Heildartekjur		887.136	476.524	807.614
Fjármagnsgjöld	13	(297)	(23)	(88)
Hreinar rekstrartekjur		886.840	476.501	807.525
Rekstrargjöld				
Laun og launatengd gjöld	14	516.701	182.101	426.925
Rekstrarkostnaður		350.318	178.373	281.404
Afskriftir		3.772	0	2.500
Rekstrargjöld		870.792	360.473	710.829
Hagnaður fyrir skatta		16.048	116.027	96.696
Tekjuskattur	16	(3.214)	(24.791)	(21.216)
Hagnaður ársins		**12.834**	**91.236**	**75.480**

**Samanburðafjárhæðir eru eingöngu Íslensk verðbréf hf.*

***Samanburðafjárhæðir sem byggjast á samanlögðum rekstri félaganna Íslensk verðbréf hf. (áður ÍV sjóðir hf.) og SIV eignastýringar hf.*

Sérhæfðir sjóðir fyrir almenna fjárfesta Íslenskra verðbréfa hf.

Ársreikningur 2025

Rekstrarreikningur og yfirlit um breytingu á hreinni eign árið 2025

	Skýr.	ÍV Skamm-tímasjóður	ÍV Íslensk hlutabréf aðallisti	ÍV Skulda-bréfasafn	ÍV Eigna-safn II	ÍV Eigna-safn IV	ÍV Hlutabréf	ÍV Skammtímasj. plús	ÍV Skuldabréf	Samtals 2025	Samtals 2024
Rekstrarreikningur											
Tekjur											
Arður		0	52.893	0	2.074	2.345	46.773	0	0	104.085	55.065
Vextir		332.888	1.206	69.910	45.683	840	10.693	219.749	177.163	858.131	803.005
Verðbætur		5.716	0	35.605	14.718	362	0	14.354	51.009	121.764	134.437
Aðrar tekjur		0	0	0	0	0	0	0	0	0	103
Heildartekjur		338.604,114	54.099	105.515	62.474	3.547	57.465	234.103	228.172	1.083.980	992.610
Gjöld											
Umsýsluþóknun rekstrarfélags		22.674	12.591	15.636	32.902	17.565	45.799	15.000	31.568	193.734	169.929
Vörsluþóknun		0	0	0	0	1	0	0	0	1	1.781
Árangurstengd þóknun		0	0	0	5.109	5.911	0	0	0	11.020	4.233
Aðrar þóknanir		1.127	2.094	779	1.835	1.920	51.603	1.532	2.803	63.694	49.800
Önnur gjöld og kostnaður		1.783	1.598	1.324	2.588	1.326	1.818	1.804	1.894	14.135	10.458
Heildargjöld		25.584	16.282	17.739	42.434	26.723	99.220	18.336	36.265	282.583	236.201
Innleystur gengismunur (tap) af fjárfest.		366.875	57.739	63.390	11.032	(16.608)	(195.218)	11.547	2.226	300.984	1.004.731
Óinnleystur gengismunur (tap) af fjárfest.		(338.259)	(137.925)	(77.755)	83.751	35.938	(80.771)	41.652	(24.358)	(497.727)	249.119
Heildar gengismunur		28.617	(80.186)	(14.365)	94.784	19.329	(150.670)	28.097	45.865	(196.743)	1.253.849
Hagnaður (tap) ársins af rekstri		341.636	(42.370)	73.412	114.824	(3.846)	(192.425)	243.864	237.772	604.654	2.010.258
Yfirlit um breytingu á hreinni eign											
Hrein eign í ársbyrjun		3.425.814	1.647.195	1.709.115	4.903.524	1.670.449	2.682.618	2.054.169	2.858.440	20.951.325	16.602.179
Fjármögnunarhreyfingar											
Seld hlutdeildarskírteini		12.780.949	388.974	20.830	77.830	22.433	1.939.297	14.301.569	886.453	30.418.335	17.797.332
Innleyst hlutdeildarskírteini		(11.488.446)	(496.079)	(413.629)	(1.495.924)	(579.344)	(735.723)	(12.177.215)	(292.397)	(27.678.756)	(15.458.444)
(Lækkun) hækkun á fjármögnunarhreyfingum		1.292.503	(107.105)	(392.799)	(1.418.094)	(556.912)	1.203.574	2.124.355	594.056	2.739.578	2.338.888
Hrein eign í árslok	7	5.059.954	1.497.721	1.389.728	3.600.254	1.109.691	3.693.767	4.422.387	3.690.267	24.295.557	20.951.325

Efnahagsreikningur 31. desember 2025

	Skýr.	ÍV Skamm-tímasjóður	ÍV Íslensk hlutabréf aðallisti	ÍV Skulda-bréfasafn	ÍV Eigna-safn II	ÍV Eigna-safn IV	ÍV Hlutabréf	ÍV Skammtímasj. plús	ÍV Skuldabréf	Samtals 31.12.2025	Samtals 31.12.2024
Eignir											
Fjárfestingar											
Framseljanleg verðbréf		4.865.290	1.505.431	1.386.159	468.627	28.014	3.467.366	3.892.303	3.668.874	19.282.063	12.327.578
Peningamarkaðsgerningar		0	0	0	0	0	0	0	0	0	353.083
Hlutdeildarskírteini		0	0	0	3.108.764	1.086.997	0	0	0	4.195.761	5.005.261
Innlán hjá fjármálafyrirtækjum		357.240	0	0	0	0	0	251.141	0	608.381	2.476.500
Fjárfestingar samtals		5.222.529	1.505.431	1.386.159	3.577.390	1.115.011	3.467.366	4.143.444	3.668.874	24.086.205	20.162.423
Aðrar eignir											
Reiðufé		140.493	57.820	4.582	29.879	1.906	165.635	276.657	24.694	701.667	791.629
Aðrar eignir		0	0	249	727	0	65.525	4.248	0	70.749	119.444
Aðrar eignir samtals		140.493	57.820	4.832	30.606	1.906	231.160	280.904	24.694	772.416	911.072
Eignir samtals		5.363.023	1.563.251	1.390.991	3.607.997	1.116.917	3.698.525	4.424.348	3.693.569	24.858.620	21.073.495
Skuldir											
Skuld við rekstrarfélag		2.562	1.130	1.263	7.743	7.178	4.758	1.961	3.301	29.896	17.328
Skuld við vörslufyrirtæki		0	0	0	0	0	0	0	0	0	646
Aðrar skuldir		300.507	64.399,0	0	0	49	0	0	0	364.955	104.197
Skuldir samtals		303.069	65.529	1.263	7.743	7.226	4.758	1.961	3.301	394.851	122.171
Hrein eign	7	5.059.954	1.497.721	1.389.728	3.600.254	1.109.691	3.693.767	4.422.387	3.690.267		
Fjöldi útgefinna hlutdeildarskírteina		204.977	36.038	81.151	320.112	68.386	31.099	36.132	30.878		
Gengi hlutdeildarskírteina í árslok		24,69	41,56	17,13	11,25	16,23	118,85	122,40	119,51		

Yfirlit fjárfestinga árið 2025

ÍV Skammtímasjóður

Framseljanleg verðbréf og peningamarkaðsgerningar skráð á skipulögðum verðbréfamarkaði

	31.12.2025		31.12.2024	
	Markaðs-verð	%	Markaðs-verð	%
Skuldabréf				
Ríkistryggð skuldabréf				
Ríkisbréf RIKB 26 1015	418.381	7,8%	0	0,0%
Ríkisbréf RIKS 26 0216	29.836	0,6%	0	0,0%
Ríkisbréf RIKB 25 0612	0	0,0%	631.541	18,4%
Framseljanleg skuldabréf samtals	448.216	8,4%	631.541	18,4%
Skuldabréf fjármálafyrirtækja				
Iceland Seafood Int. ICESEA 25 06	0	0,0%	20.405	0,6%
Skuldabréf fjármálafyrirtækja samtals	0	0,0%	20.405	0,6%
Framseljanleg skuldabréf samtals	448.216	8,4%	651.945	19,0%
Peningamarkaðsgerningar				
Ríkisvíxlar				
Ríkisvíxlar RIKV 26 0318	1.370.268	25,6%	0	0,0%
Ríkisvíxlar RIKB 25 0716	681.722	12,7%	0	0,0%
Ríkisvíxlar RIKV 26 0415	656.952	12,2%	0	0,0%
Ríkisvíxlar RIKS 26 0216	19.936	0,4%	0	0,0%
Ríkisvíxlar samtals	2.728.878	50,9%	0	0,0%
Bankavíxlar				
Íslandsbanki hf. ISB CBF 27	464.540	8,7%	0	0,0%
Landsbankinn hf. LBANK CB 27	233.091	4,3%	0	0,0%
Íslandsbanki hf. ISB CBI 26	155.595	2,9%	0	0,0%
Fossar fjárfestingarbanki hf. FOS 26 0528	135.381	2,5%	0	0,0%
Fossar fjárfestingarbanki hf. FOS 26 0311	98.471	1,8%	0	2,9%
Fossar fjárfestingarbanki hf. FOS 28 1026	61.325	1,1%	0	0,0%
Íslandsbanki hf.ISB GBF 27 1122	38.689	0,7%	0	0,0%
Landsbankinn hf. LBANK CB 25	0	0,0%	19.501	0,6%
Bankavíxlar / Peningamarkaðsgerningar samtals	1.187.092	22,1%	19.501	3,5%
Peningamarkaðsgerningar samtals	3.915.969	73,0%	353.083	10,3%
Framseljanleg skráð verðbréf samtals	4.364.186	81,4%	1.005.029	29,3%
Innlán fjármálafyrirtækja				
Fossar fjárfestingarbanki hf.	501.104	9,3%	1.015.766	29,6%
Landsbankinn hf.	357.240	6,7%	0	0,0%
Íslandsbanki hf.	0	0,0%	867.744	25,3%
Kvika banki hf.	0	0,0%	311.516	9,1%
Innlán fjármálafyrirtækja samtals	858.344	16,0%	2.195.026	64,0%
Heildarverðmæti verðbréfa	5.222.529	97,4%	3.200.054	93,2%
Reiðufé	140.493	2,6%	231.720	6,8%
Aðrar eignir	0	0,0%	0	0,0%
Heildareignir	5.363.023	100,0%	3.431.774	100,0%

Yfirlit um fjárfestingar 31. desember 2025 frh.:

ÍV Skammtímasjóður frh.

Sundurliðun á breytingu stærstu eigna á milli ára og hlutfall af heildareignum sjóða

	Eignir 31.12.2025	Hlutf. af fjárhæð %	Eignir 31.12.2024	Hlutf. af fjárhæð %	Breyting	Hlutfall br. af heildar-eign %
Ríkisvíxlar RIKV 26 0318	1.370.268	25,6%	0	0,0%	1.370.268	25,6%
Ríkisvíxlar RIKB 25 0716	681.722	12,7%	0	0,0%	681.722	12,7%
Ríkisvíxlar RIKV 26 0415	656.952	12,2%	0	0,0%	656.952	12,2%
Fossar fjárfestingarbanki hf.	501.104	9,3%	1.015.766	29,6%	(514.662)	(9,6%)
Íslandsbanki hf. ISB CBF 27	464.540	8,7%	0	0,0%	464.540	8,7%
Ríkisbréf RIKB 26 1015	418.381	7,8%	0	0,0%	418.381	7,8%
Landsbankinn hf.	357.240	6,7%	0	0,0%	357.240	6,7%
Landsbankinn hf. LBANK CB 27	233.091	4,3%	0	0,0%	233.091	4,3%
Íslandsbanki hf. ISB CBI 26	155.595	2,9%	0	0,0%	155.595	2,9%
Fossar fjárfestingarbanki hf. FOS 26 0528	135.381	2,5%	0	0,0%	135.381	2,5%
Tíu stærstu samtals	4.974.273	92,8%	1.015.766	29,6%	3.958.507	73,8%
Aðrar fjárfestingar	248.256	4,6%	2.184.288	63,6%	(1.936.031)	(36,1%)
Reiðufé	140.493	2,6%	231.720	6,8%	(91.227)	(1,7%)
	5.363.023	100,0%	3.431.774	100,0%	1.931.248	36,0%

Uppsöfnuð heildarkaup og uppsafnaðar heildarsölur

Yfirlit yfir uppsöfnuð heildarkaup og heildarsölur á öllum framseljanlegum verðbréfum og fjárfestingum sjóðsins á árinu 2025.

	Heildar-kaup	Heildar-sala
ARION BANKI	6.098.000	6.100.023
FOSSAR	5.984.000	6.563.726
ÍSLANDSBANKI	7.093.000	8.001.037
ISLANDSBANKI	76.000	76.015
KVIKA BANKI	61.315.001	61.659.806
LANDSBANKI	4.900.000	4.555.370
RIKB 25 0612	813.791	782.259
LBANK CB 25	686.173	60.791
ICESEA 25 1007	95.766	97.573
UR 25 1201	78.375	78.516
RIKB 26 1015	791.275	406.524
RIKB 27 0415	61.554	62.007
RIKS 26 0216	332.703	306.753
RIKV 25 0716	168.824	149.492
RIKV 25 1217	580.519	199.919
RIKV 26 0318	1.787.916	451.080
RIKV 25 1119	1.614.365	1.593.608
RIKV 25 0820	244.963	198.607
ISB CBI 26	182.339	30.693
LBANK CB 27	598.304	367.033
ICESEA 25 0407	136.088	0
FOS 25 1128	134.701	0
RIKV 26 0415	652.752	0
RIKV 25 1015	78.140	0
RIKV 26 0520	674.429	0
RIKV 26 0121	19.594	0
FOS 26 0311	95.855	0
FOS 25 0911	19.606	0
FOS 26 0528	134.320	0
FOS 281026	61.119	0
ISB GBF 27 1122	41.981	0
ISB CBF 27	442.362	0
	95.993.815	91.740.830

Yfirlit um fjárfestingar 31. desember 2025 frh.:

ÍV Íslensk hlutabréf - Aðallisti

Framseljanleg verðbréf og peningamarkaðsgerningar skráð á skipulögðum verðbréfamarkaði

	31.12.2025		31.12.2024	
	Markaðs-verð	%	Markaðs-verð	%
Hlutabréf				
John Bean technologies corporation	33.254	2,1%	35.106	2,1%
Hagar hf.	61.953	4,0%	60.302	3,7%
Icelandair Group hf.	53.388	3,4%	67.583	4,1%
Festi hf.	60.997	3,9%	65.970	4,0%
Heimar hf.	57.553	3,7%	62.986	3,8%
Oculis Holding AG ISK	66.375	4,2%	60.764	3,7%
Eik fasteignafélag hf.	57.288	3,7%	57.264	3,5%
Skagi hf.	56.608	3,6%	63.311	3,8%
Íslandsbanki hf.	66.210	4,2%	56.737	3,4%
Platínum Nova hf.	49.330	3,2%	60.778	3,7%
Arion banki hf.	64.772	4,1%	60.727	3,7%
Alvotech hf.	48.544	3,1%	62.285	3,8%
Iceland Seafood International hf.	53.164	3,4%	62.439	3,8%
Síminn hf.	63.379	4,1%	58.948	3,6%
Kaldalón hf.	54.966	3,5%	62.935	3,8%
Amaroq Minerals Ltd.	64.259	4,1%	67.845	4,1%
Skeljungur hf.	56.911	3,6%	67.342	4,1%
Kvika banki hf.	57.805	3,7%	61.217	3,7%
Ölgerðin Egill Skallagrímsson hf.	48.854	3,1%	59.736	3,6%
Reitir fasteignafélag hf.	59.904	3,8%	58.962	3,6%
Brim hf.	61.571	3,9%	56.998	3,5%
Síldarvinnslan hf.	53.929	3,4%	56.856	3,4%
Ísfélag Vestmannaeyja hf.	63.364	4,1%	56.333	3,4%
Eimskipafélag Íslands hf.	47.101	3,0%	55.946	3,4%
Sýn hf.	39.525	2,5%	55.483	3,4%
Sjóvá-Almennar tryggingar hf.	56.042	3,6%	53.768	3,3%
Hampiðjan hf.	48.385	3,1%	53.003	3,2%
Fly Play hf.	0	0,0%	15.044	0,9%
Framseljanleg hlutabréf / skráð verðbréf samtals	1.505.431	96,3%	1.616.667	98,1%
Reiðufé	57.820	3,7%	16.494	1,0%
Aðrar eignir	0	0,0%	15.378	0,9%
Heildareignir	1.563.251	100,0%	1.648.539	100,0%

Sundurliðun á breytingu stærstu eigna á milli ára og hlutfall af heildareignum sjóða

	Eignir 31.12.2025	Hlutf. af fjárhæð %	Eignir 31.12.2024	Hlutf. af fjárhæð %	Breyting	Hlutfall br. af heildar-eign %
Oculis Holding AG ISK	66.375	4,2%	60.764	3,7%	5.612	0,4%
Íslandsbanki hf.	66.210	4,2%	56.737	3,4%	9.473	0,6%
Síminn hf	63.379	4,1%	58.948	3,6%	4.431	0,3%
Ísfélag Vestmannaeyja hf	63.364	4,1%	56.333	3,4%	7.031	0,4%
Reitir Fasteignafélag hf	59.904	3,8%	58.962	3,6%	941	0,1%
Kvika banki hf	57.805	3,7%	61.217	3,7%	(3.412)	(0,2%)
Skeljungur hf	56.911	3,6%	67.342	4,1%	(10.431)	(0,7%)
Skagi hf.	56.608	3,6%	63.311	3,8%	(6.703)	(0,4%)
Sjóvá-Almennar tryggingar hf.	56.042	3,6%	53.768	3,3%	2.274	0,1%
Kaldalón hf.	54.966	3,5%	62.935	3,8%	(7.969)	(0,5%)
Tíu stærstu samtals	601.564	38,5%	600.317	36,4%	1.248	0,1%
Aðrar fjárfestingar	903.867	57,8%	1.016.351	61,7%	(112.484)	(7,2%)
Reiðufé	57.820	3,7%	16.494	1,0%	41.326	2,6%
Aðrar eignir	0	0,0%	15.378	0,9%	(15.378)	(1,0%)
	1.563.251	100,0%	1.648.539	100,0%	(85.289)	(5,5%)

Yfirlit um fjárfestingar 31. desember 2025 frh.:

